

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 208. FUNDUR.

208. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 22. nóvember 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá reglugerð fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra undir 3. lið. Samþykkt samhljóða. 3. liður fundargerð 215. fundar skipulags- og umhverfisráðs fellur niður.

Gengið var til dagskrár.

### **1. Fjárhagsáætlun ársins 2013 ásamt 3ja ára áætlun fyrir árin 2014-2016 fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki. Síðari umræða.**

Lögð fram svohljóðandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fjárhæð útgefinna frístundakorta verði hækkuð frá árinu 2012 úr kr. 16.500- í kr. 17.000 á árinu 2013.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð var fram til síðari umræðu tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og undirfyrirtækja fyrir árið 2013 ásamt áætlun fyrir árin 2014-2016.

Lögð fram svohljóðandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða fjárhagsáætlun ársins 2013 ásamt 3ja ára áætlun fyrir árin 2014-2016 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og undirfyrirtæki.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## Húnaþing vestra Fjárhagsáætlun 2013 Greinargerð

### **Um gerð fjárhagsáætlunar 2013.**

Eftir efnahagsþrengingar sl. ára virðast nokkur glögg batamerki vera að koma fram í þjóðarbúskapnum. Varðandi fjármál sveitarfélaga má segja að flest þeirra hafi komist yfir alvarlegustu erfiðleikana þó einstök sveitarfélög glími enn við erfiðan rekstrar- og skuldavanda. Á síðustu árum hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra brugðist við óhagstæðu efnahagsumhverfi með þeim skynsamlega hætti að ráðast í beinar hagræðingaraðgerðir, og lækkun skulda. Þessar aðgerðir hafa skilað þeim árangri að reksturinn er í ágætu jafnvægi og fjárhagsstaða sveitarfélagsins hefur styrkst umtalsvert. Þrátt fyrir þá staðreynd þarf enn að gæta aðhalds og sparnaðar í rekstri og eftirsóknarvert er að lækka skuldir Húnaþings vestra enn frekar. Í því samhengi skal nefnt að á árinu 2012 hafa engin ný lán verið tekin og ekki er gert ráð fyrir neinni lántöku í fjárhagsáætlun ársins 2013.

Það er ánægjulegt að greina frá því að sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðið saman að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013. Þannig hafa fulltrúar í meirihluta og minnihluta sveitarstjórnar sameinast um megin áherslur og inntak áætlunarinnar fyrir komandi rekstrarár. Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill þakka sveitarstjóra og skrifstofustjóra fyrir þeirra veigamikla þátt við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2013. Fjárhagsáætlanir einstakra deilda voru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og ber að þakka þeim fyrir vilja og jákvæðni sem þeir hafa sýnt við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Forstöðumönnum stofnana sveitarfélagsins og starfsmönnum skal einnig þakkað fyrir að hafa gætt aðhalds og sparnaðar í rekstri.

Frumjöfnuður tekna og útgjalda er afar mikilvægur og í samræmi við ákvæði fjármálareglna, sem gilda um rekstur sveitarfélaga, er rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar ársins 2013 fyrir samstæðu A- og B-hluta sveitarsjóðs jákvæð.

Á árunum 2011 og 2012 lækkuðu framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga umtalsvert og enn er nokkur óvissa um framlög á árinu 2013. Þá ríkir nokkur óvissa á vinnumarkaði en víst er að rekstur sveitarfélaganna ræður lítt við óraunhæfar væntingar um umtalsverðar kjarabætur til handa einstökum starfsstéttum. Verðbólga á árinu 2012 hefur verið umtalsvert hærrí en þjóðhagsspar gerðu ráð fyrir í upphafi árs og útlit er fyrir að verðbólga muni áfram verða um og yfir 4% á árinu 2013. Í fjárhagsáætlun ársins 2013 er gert ráð fyrir 4,3% verðbólgu og kemur það ójákvæmilega fram í hærrí fjármagnskostnaði en æskilegt getur talist. Þá skal nefnt að þrátt fyrir örðugt rekstrarumhverfi hefur sveitarstjórn ekki valið þá leið að hækka skatta á íbúa sveitarfélagsins og miðað hefur verið við að gjaldskrárbreytingar séu almennt í samræmi við verðlagsbreytingar.

Á árinu 2013 er gert ráð fyrir nokkrum fjárfestingum og framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins má þar t.d. nefna gatna- og gangstéttarframkvæmdir, úrbætur í tæknirými íþróttamiðstöðvar, lok framkvæmda í Brúarhvammi, aðgengismál á lóð grunnskólans á Hvammstanga og uppbygging göngustígs á Laugarbakka.

### **Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2013:**

Áætlunin er lögð fram með 8,4 millj. kr. tekjuafgangi af rekstri A-hluta samstæðunnar.

Áætlað er að fráveita, hitaveita og vatnsveita skili rekstarafgangi en að önnur B-hluta fyrirtæki séu rekin með halla.

Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 43,2 millj. kr. en heildarniðurstaða samstæðunnar er jákvæð um 1,7 millj. kr.

Tekjur A-hluta eru áætlaðar 991,0 millj. kr. en gjöld 980,0 millj. kr. án tillits til fjármagnsliða.

Tekjur samstæðunnar eru áætlaðar 1.131 millj. kr. en gjöld 1.088 millj. kr.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir 41,6 millj. kr.

Handbært fé frá rekstri til greiðslu afborgana lána og til fjárfestinga er . 78,0 millj. kr.

Hlutfall veltufjár frá rekstri er áætlað 6,9%.

Áætlað er að afborgun langtímalána nemi kr. 61,0 millj. kr. á árinu 2013.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2013.

Handbært fé í árslok 2013 er áætlað kr. 64,0 millj. kr. sem er lækkun um 13,7 millj. kr. frá ársbyrjun.

Frá árinu 2012 er gert ráð fyrir hækkun eigin fjár um 1,7 millj. kr.

Frá árinu 2012 er gert ráð fyrir að skuldir og skuldbindingar lækki um 30,6 millj. kr.

## 2. Fundargerð fræðsluráðs. Oddviti kynnti.

**Fundargerð 137. fundar** frá 21. nóvember sl. Fundargerð í 3 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga að bókun við 1. lið fundargerðarinnar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra þakkar starfshópi er unnið hefur að skoðun á framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra fyrir ágæt störf. Sveitarstjórn hvetur starfsmenn skólastofnana sveitarfélagsins og íbúa Húnaþings vestra til að sækja fyrirhugaða fundi þar sem niðurstöður starfshópsins verða kynntar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra áréttar að enn hafa engar ákvarðanir um mögulegar breytingar á skipan skólamála verið teknar og ekkert liggur fyrir um hvort ráðist verði í einhverjar breytingar, hvaða breytingar verði mögulega gerðar né hvenær.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 3. Reglugerð um Hitaveitu Húnaþings vestra. Oddviti kynnti.

Lögð fram svohljóðandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða reglugerð fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:06

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason.

---

Gunnar Þorgeirsson, varamaður.

---

Anna María Elíasdóttir, varamaður

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari